

**129. fundur Félagsmálanefndar Fjallabyggðar
haldinn í fjarfundi
12. febrúar 2021 og hófst hann kl. 12:00.**

Fundinn sátu:

Ingvar Ágúst Guðmundsson, varaformaður, D lista,
Díana Lind Arnarsdóttir, aðalmaður, D lista,
Hólmar Hákon Óðinsson, aðalmaður, I lista,
Jón Kort Ólafsson, aðalmaður, H lista,
Sæbjörg Ágústsdóttir, formaður I lista,
Hjörtur Hjartarson, deildarstjóri félagsmáladeildar.

Fundargerð ritaði: Hjörtur Hjartarson, deildarstjóri félagsmáladeildar.

Fyrir var tekið:

1. Íþrótt- og tómstundastyrkir til lágtekjuheimila vegna Covid-19 - 2009052

Niðurstaða

Félagsmálanefnd veur athygli á íþrótt- og tómstundastyrkjum fyrir grunnskólabörn sem búa á heimilum þar sem heildartekjur framfærenda, einstaklings, hjóna eða sambúðarfólks, voru lægri en 740.000 kr. að meðaltali á mánuði á tímabilinu mars - júlí árið 2020. Um er að ræða sérstakt verkefni félags- og barnamálaráðherra í kjölfar Covid-19 faraldursins.

Styrkurinn er veittur vegna barna sem fædd eru á árunum 2005-2014 og er að hámarki 45.000 krónur fyrir hvert barn sem stundar skipulagt íþróttastarf, tómstundastarf og einnig tónlistarskólanám á haustönn 2020 og/eða vorönn 2021. Íþróttafélögin gefa út greiðslukvittanir.

Athugið að hægt er að koma með kvittanir sem greitt var fyrir í upphafi árs, eða frá hausti 2020.

Sótt er um styrkinn á island.is (styrkur til íþrótt- og tómstundastarfs). Hafi umsækjendur ekki greiðslukvittanir eða rafræn skilríki má skila greiðslukvittunum íþróttafélaga og tónlistarskóla og tekjuupplýsingum á skrifstofu Fjallabyggðar fyrir 1. mars nk.

Nánari upplýsingar gefur Helga Helgadóttir, ráðgjafi félagsþjónustu í síma 464-9100.

2. Manntals og húsnæðistal 1. janúar 2021 - 2012021

Niðurstaða

Lagt fram til kynningar

4. Trúnaðarmál-félagsleg þjónusta - 2102043

Niðurstaða

Lagt fram til kynningar.

3. Styttning vinnuvikunnar - 2101016

Niðurstaða

Deildarstjóri gerði grein fyrir innleiðingarferli styttingu vinnuvikunnar hjá starfstöðvum félagsþjónustunnar.

5. Teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19 - 2012028

Niðurstaða

Stöðuskýrsla teymis um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19, lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:00.